

**Nd. 289. Frumvarp til laga [165. mál]**  
um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

**1. gr.**

1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en kr. 1 000 000.00 á ári næstu 20 ár.

**2. gr.**

Á eftir 1. málsgr. 3. gr. laganna komi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að hækka lánsupphæðir þær, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr., til samræmis við það, sem vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað hverju sinni frá vísitölu tímabilsins 1. október 1953 til 30. september 1954.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

1. málsgr. 2. gr. í gildandi lögum um Kirkjubyggingasjóð er þegar fallin úr gildi. Í lögnum er svo á kveðið, að ríkissjóður skuli greiða í sjóðinn kr. 500 000.00 á ári næstu 20 ár, eða hálfa milljón króna. En á fjárlögum fyrir árið 1960 voru veittar kr. 800 000.00 til sjóðsins. Stórmikil nauðsyn er á því, að þetta framlag hækki, og mætti það ekki vera minna, eins og stendur, en ein milljón króna á ári, til þess að unnt væri að koma nokkuð áleiðis til móts við lánsfjárbörf safnaðanna í landinu.

Í 3. gr. gildandi laga eru ákvæði um hámark lánsupphæða. Eru þau ákvæði miðuð bæði við það fé, sem sjóðurinn hefur til umráða, og við byggingarkostnað, eins og hann taldist, þegar lögín voru sett árið 1954. Báðar þessar viðmiðanir eru nú breyttar, og er því nauðsynlegt, að stjórn sjóðsins fái heimild til að hækka lánsupphæðir til samræmis við aðstæður.